

# Forvarnarstefna Foldaskóla

Forsenda árangursríks forvarnarstarfs er góð samvinna skóla, heimila og yfirvalda.

Mikilvægt er að kennarar og aðrir starfsmenn skólans og íþróttá- og félagsmiðstöðva hverfisins, fræði og leiðbeini nemendum á markvissan hátt um skaðsemi ávana- og fíkniefna og stuðli þar með að heilbrigði þeirra og vellíðan. Stuðningur foreldra og ábyrgð er grundvöllur þess að árangur náist, þar sem forvarnarstarfið byrjar á heimilinu.

Utan skólatíma á nemendum að standa til boða uppbyggileg íþróttá- og félagsaðstaða þar sem fjölbreytni og gæði haldast í hendur.

Markmið vímuvarnarstefnu Foldaskóla er að efla sjálfstraust, sjálfsvirðingu og félagsproskana nemenda og hvetja þá til að tileinka sér heilbriggt lífverni og jákvæða lífssýn. Starfsmenn skólans taka skýra afstöðu gegn neyslu tóbaks, áfengra drykkja og annarra vímuefna í húsnæði skólans, á skólalóð og í ferðum á hans vegum.

Kjörorð skólans er: **Foldaskóli - vímulaus skóli**

## Leiðir að settu marki

- Skipulögð fræðsla um skaðsemi vímuefna skal vera fastur liður í skólastarfinu.
- Skólinn metur og nýtir sér niðurstöður kannana sem gerðar eru reglulega á vegum einkaaðila, fræðsluyfirvalda og Íþróttá- og tómsundaráðs Reykjavíkur.
- Fræðslufundir um forvarnarstarf og hættur samfara vímuefnaneyslu eru haldnir árlega fyrir foreldra unglingsstigs.
- Nemendur eru hvattir til að vinna að eigin vímu- og tóbaksvarnastefnu (Reyklaus bekkur).
- Lífsleiknitímar skulu m.a. nýttir til forvarnarstarfs.
- Samvinna skal vera milli foreldra, starfsmanna íþróttá- og tómsundaráðs, félagsþjónustunnar og lögreglu.
- Foreldrar taki markvissan þátt í forvarnarstarfi með t.a.m. fræðslukvöldum og foreldrarölti.
- Stefnumörkun í forvörnum skal endurskoða árlega.

## Viðbrögð við vímuefnaneyslu

Verði nemandi uppvís að reykingum, neyslu áfengis eða annarra fíkniefna í skólanum ber viðkomandi starfsmanni umsvifalaust að tilkynna það viðkomandi umsjónarkennara og skólastjórnendum sem taka ákvörðun um frekari aðgerðir.

Ef grunsemdir vakna um notkun fíkniefna er haft samband við foreldra/forráðamenn og unnið sameiginlega að lausn málsins með stuðningi Miðgarðs.

## Vímuvarnarfulltrúar skólans:

Brynjar Ingi Unnsteinsson frístundaráðgjafi Fjörgynjar

Kristín Helgadóttir Ísfeld náms- og starfsráðgjafi